

MINNISBLAÐ

Skólanámskrá og starfsáætlun nýs grunnskóla

Við stofnun nýrra grunnskóla skal samkvæmt reglugerð nr. 699/2010, 4. grein í lið d, vera gert ráð fyrir því að skilað sé m.a. skólanámskrá og starfsáætlun áður en grunnskóli sem ekki er rekinn af sveitarfélögum fái starfsleyfi. Framsýn skólafélag ehf. fékk tækifæri til 1. desember 2015 að skila inn umræddum gögnum og bærust þau á umbeðnum tíma. Þróunarfulltrúi grunnskóla fékk það verkefni eftir fræðsluráðsfund þann 2. desember 2015 að fara yfir gögnin og kynna umsögn sína á næsta fundi ráðsins. Hér er sú umsögn.

Samkvæmt því vinnuferli sem lagt var upp með, í samráði við fulltrúa ráðuneytis menntamála, var að sveitarfélag sem hýsi væntanlegan grunnskóla skildi hafa sem mest að segja stofnun hans og jafnvel staðfesta starfsleyfisgögn áður en til samþykktarferlis ráðuneytis kæmi. Það væri af þeirri ástæðu að sveitarfélagið muni alltaf bera eftirlitsskyldu gagnvart honum ef af stofnun skóla yrði (skv. 4. gr. reglugerðar nr. 658/2009). Samt er óljóst hvert hlutverk sveitarfélags er í slíku ferli þar sem það er eingöngu mennta- og menningarmálaráðherra sem gefur út starfsleyfi til skóla sem eru reknir af öðrum aðilum en sveitarfélögum (2. gr. reglugerðar nr. 699/2012).

Þar sem innsend gögn frá Framsýn skólafélagi ehf. eru ekki að öllu leyti fullunnin, þ.e. hluta skólanámskrár og starfsáætlunar vantar, er það skoðun undirritaðs að ekki sé hægt að leggja mat á gögnin, sama frá hvaða forsendum það skuli gerast. Það er einfaldlega í samræmi við það sem fylgdi við skil á þessum gögnum til bæjarins en þau komu með eftirfarandi orðsendingu: „*Með bréfi þessu hefur Framsýn skólafélag ehf skilað Starfsáætlun og Skólanámskrá þar sem stefna, markmið og gildi Framsýnar eru ítarlega útskýrð. Sá hluti Skólanámskrárinnar sem ekki hefur verið unninn að okkar hálfu snýr að mestu að kennsluáætlunum og námsmati. Að okkar mati er það ekki rökrétt verklag að þessi vinna sé unnin nema í samráði við tilvonandi kennara skólans, þar sem að hugmyndafræðin á sér ekki skýra fyrirmynd.*” (Tölvupóstur frá Kristjáni Ómari Björnssyni þann 1. desember 2015.) Því til viðbótar hefur sveitarfélagið engin viðmið um það hvaða skilyrðum nýr skóli þurfi að uppfylla, hvorki faglega (þ.e. utan áherslna í aðalnámskrá grunnskóla kannski sem ekki eru að fullu ljósar fyrir en skólanámskrá og starfsáætlun eru útbúin í hverjum skóla fyrir sig) né rekstrarlega (þ.e. varðandi fjármögnun, nemendakostnað, aðstöðu o.þ.h.). Það er því að lokum óljóst hvort sveitarfélag hefur eitthvert hlutverk í slíku staðfestingarferli og þá hvert, t.d. hvort líklegt sé að starfsleyfisgögn uppfylli mat ráðherra um stofnun nýs skóla eða sé eingöngu viljayfirlýsing sveitarfélags? Og ef það snýst um að faglegt inntak starfsleysisgagna þá verður að telja að ekki hafi borist nægileg gögn til að hægt sé leggja fram faglegt mat af undirrituðum sem fulltrúa sveitarfélagsins í fagmálefnum grunnskóla og sé eingöngu um viljayfirlýsingu sveitarfélags að ræða er það utan verksviðs undirritaðs.

Hafnarfirði 11. desember 2015.

Virðingarfyllt,



Vígfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla.